



Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Reykjavík 8. febrúar 2011

Efni: Umsögn varðandi drög að orkustefnu fyrir Ísland.

Íslensk náttúra og ósnortin víðerni hennar eru þeir grunnþættir sem draga 70% erlendra ferðamanna til Íslands. Samtök ferðaþjónustunnar ítreka þess vegna á mikilvægi þess að gerð verði landnýtingaráætlun með hliðsjón af ferðaþjónustu og sú áætlun einnig höfð að leiðarljósi við gerð orkustefnu í framtíðinni.

Umsögn varðandi orkustefnu er eftirfarandi:

- Samtökin fagna því að verndargildi og verðgildi á náttúru Íslands séu skilgreind og að sérstaða náttúrunnar með tilliti til ferðaþjónustu, útivistar og vísinda metin til auðlinda.
- SAF eru sammála því sem fram kemur í drögum að orkustefnu um að verndargildi náttúru á virkjanlegum svæðum sé yfirleitt hátt samanborið við aðra staði og að nauðsýnleg sé að meta umhverfiskostnað og fórnarkostnað þeirra verkefna sem ráðist er í. Einnig eru SAF sama sinnis því sem kemur fram í orkustefnu að skylt verði sem hluti af umhverfismati áætlana að leggja mat á umhverfiskostnað og fórnarkostnað vegna glataðra náttúruverðmæta.
- Samtök ferðaþjónustunnar benda á nauðsyn þess að náttúruverndaráætlun, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma auk væntanlegrar landnýtingaráætlunar ferðaþjónustunnar hafi samhljóm og samþættingu svo vel megi fara. Staða þessara áætlana er í dag óljós og veldur það óvissu og spennu.

Virðingarfyllst
Samtök ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson
Verkefnastjóri